

# ÞRÓUN VOTTAÐRA NÁMSLEIÐA

## Í ÖRYGGISFRÆÐUM VEGNA UPPSETNINGAR Á SVIÐSBÚNAÐI

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

**FRÆÐSLUAÐILI:** RAFMENNT

**ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS:** 31/8/2023

**FORGANGSSVIÐ:** EFLING STARFS- OG TÆKNINÁMS Í FRAMHALDSFRÆÐSLU & STAFRÆN OG/EÐA GRÆN HÆFNIUPPBYGGING Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

---

### HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Þróun vottaðra námsleiða í öryggisfræðum vegna uppsetningar á sviðsbúnaði. RAFMENNT – fræðslusetur rafiðnaðarins.

---

### UM VERKEFNIÐ

Þróuð verða tækninámskeið í öryggisfræðum og námskrár á hæfniprepum 2 og 3 fyrir tæknifólk sem starfar uppsetningu sviðsbúnaðar á viðburðum, í kvikmyndageira og sviðslistum. Fæstir hafa formlega menntun í þessu starfi. Nám byggir á réttindavottun PLASA í Bretlandi. Samhliða er unnið að öflun kennsluréttinda fyrir leiðbeinendur.

---

### MARKMIÐ VERKEFNIS

Verkefni mun þróa nám, kennsluefni og námskrár í öryggisfræðum á hæfniprepum 2 og 3 fyrir ófaglært tæknifólk sem starfar við uppsetningu á sviðsbúnaði á viðburðum, gera hæfni sýnilega með vottun og skapa ný tækifæri til menntunar. Þannig eykst ábyrgð þeirra sem starfa við uppsetningu og framkvæmd viðburða og öryggi þeirra sem sækja þá.

---

### HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSADILAR?

Verkefni unnið í samstarfi við Stéttarfélags Tæknifólks sem veitir aðgengi að markhópi, fagfélögum og veitir faglega ráðgjöf við þróun náms og vottunarferli. Samstarf við fyrirtæki og einstaklinga í faginu er fyrirhugað. PLASA mun hafa beina aðkomu að yfirfærslu náms, þjálfun einstaklinga til kennsluréttinda og við mótun vottunarferlis.

---

### HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Markhópur fær áður óþekkt aðgengi að námi í öryggisfræðum sem er lykilatriði öruggra vinnubragða innan fags, markvissa uppbyggingu starfstengdrar hæfni, formlega viðurkenningu á starfstengdri hæfni með vottun sem skapar tækifæri til frekara náms (skilgreint til eininga), til fjölbreyttari atvinnutækifæra og jöfnunar samkeppnisstöðu.

---

### HVERJAR VERÐA LOKAAFURÐIR VERKEFNISINS?

Námskeið og námsefni í öryggisfræðum á hæfnþrepi 2 og 3 og vottaðar námskrár með námslýsingum. Nám skiptist í rafrænt bóklegt nám og verklegt staðarnám. Við lok beggja verður hægt að sækja um réttindavottun og meta námið sem framhaldsskólaeiningar inn í annað nám. Þjálfun einstaklinga til kennsluréttinda er einnig afurð.